

Háskólinn á Akureyri
Kennaradeild
Haustmisseri 2004
GRL0156F

Skorradalur



Umhverfið mitt

Umsjónakennari: Bragi Guðmundsson
Annar kennari: Brynjólfur Sveinsson

Nemendur:
Svanhildur Margrét Ólafsdóttir
Unnur Sigurðardóttir
Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skorradalur.....	3
Stjórnmalastaða Skorradalshrepps.....	3
Sérstök náttúrufyrirbæri	4
Skarðsheiði	4
Skorradalsvatn.....	6
Náttúrufar og dýralíf.....	9
Nýlegar útlitsbreytingar í Skorradal	12
Þjónusta við íbúa í Skorradal.....	13
Fagri Skorradalur.....	14
Umhverfisskoðun	15
Fjöllin	15
Dýralíf.....	16
Skógurinn	16
Skorradalsvatn.....	17
Örnefni í Skorradal.....	18
Húsamyndir úr Skorradal.....	20
Landakort og atriðaorðaskrá.....	43
Lokaorð.....	45
Heimildarlisti	46

Inngangur

Þegar ákvörðun var tekin um það hvort taka ætti fyrir dreifbýli eða þéttbýli, skipaði aðgengi að heimildum stóran þátt. Einnig fannst okkur spennandi að taka fyrir sveitafélag sem á sér landfræðilega sérstöðu jafnt sem sögulega.

Skorradalur varð fyrir valinu þar sem hann á sér sögulega nafnagift, liggur milli hárra fjalla annars vegar og hæða hins vegar og skartar dæmigerðu íslensku stöðuvatni, Skorradalsvatni. Umfjöllun um dalinn takmarkast að nokkru leyti við byggð í kringum vatnið, þar sem flest lögbýli eru þar í kring.

Skorradalur

Skorradalur dregur nafn sitt af þræl nokkrum er Skorri hét. Segir af honum í Landnámu að hann hafi flúið frá húsbónda sínum, Katli gufu. Skorri kom í óbyggðan dal og settist þar að. Ketill gufa leitaði hans, fann hann við Skorrhól, drap hann þar og heygði.¹

Skorradalur myndaðist á ísöld af skriðjökli og er umlukinn fjallgörðum. Að sunnanverðu er Skarðsheiði, Dragafell og Botnsheiði en háls að norðanverðu. Hálsinn hefur lengst af annaðhvort verið kallaður „Hálsinn“ eða haft nafn af þeim bæjum sem undir honum stóðu. Nú á seinni tímum hefur hann almennt verið kallaður Skorradalsháls en skilur hann á milli Skorradals og Lundarreykjadal.¹

Um dalinn endilangan liggur Skorradalsvatn sem er í jökulsorfinni dæld, eins og langflest íslensk stöðuvötn. Dalurinn liggur eins og Skorradalsvatn og er nokkuð langur en mjór eða um 25 km. langur.²

Skorradalshreppur liggur að Andakíl að vestanverðu og eru hreppamörk á melahrygg sem liggur frá Hestfjalli. Skorradalur liggur um 50m ofar en sveitir fyrir neðan melhrygginn. Tveir bæir í Skorradalshrepp eru vestan megin við melhrygginn og eru landfræðilega ekki í Skorradal, þeir eru Efri-Hreppur og Neðri-Hreppur. Þar er einnig Hreppslaug.³

Jarðfræðikort af sveitarfélögum norðan Skarðsheiðar gefur góða mynd af landslagi og bergtegundum í Skorradal. Þar eru setlög mest áberandi, þ.e. sandur, leir og mól. Þar næst er grágrýti og svolítið af basalthrauni og mismunandi bergi að gerð og aldri. Í Skarðsheiðinni, fyrir ofan Litlu-Drageyri er eldra móberg.⁴

Skógur er nokkur í dalnum og það blandað skóglendi af birkiskógi sem er þó nokkuð lágreistur og svo myndar barrskógi sem er að miklu leyti í landi Skógræktar ríkisins. Skógrækt er vaxandi búgrein í Skorradal og hafa bændur á Fitjum og Efri-Hrepp unnið þar ötult starf.

Stjórnmalastaða Skorradalshrepps

Skorradalshreppur er einn af fámennari sveitarfélögum landsins með 55 íbúa 1.des. 2003. Vegna átaks Félagsmálaráðuneytisins um fækkun fámennra hreppa á Íslandi, á

¹ Frásagnir og sögur

¹ Freysteinn Sigurðsson 2004:107

² Þorleifur Einarsson 1999:181

³ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:211

⁴ Guðrún Jónsdóttir 1998:12

Skorradalshreppur í sameiningarviðræðum við Borgarfjarðarsveit, Borgarbyggð, Hvítársíðuhrepp og Kolbeinstaðarhrepp. Óvíst er hverjar niðurstöður verða úr þeim viðræðum þar sem kosið verður í almennum kosningum í apríl næst komandi. Ef marka má skoðanakannanir, þá eru íbúar Skorradals hvað mest ósammála um það hvernig hátta skuli sameiningum, og komið hafa fram margar hugmyndir um aðrar sameiningar en þá sem er í boði þetta árið. Skorradalur og Hvítársíðuhreppur felldu sameiningu í kosningum árið 1998 þegar Andakílshreppur, Hálsahreppur, Lundarreykjadalahreppur og Reykholtisdalshreppur sameinuðust í Borgarfjarðarsveit.⁵

Sérstök náttúrufyrirbæri

Skarðsheiðin er líklega það náttúrufyrirbæri sem íbúar Skorradals eru einna stoltastir af, há og tignarleg, um 1053m. Einnig er heiðin mikill áhrifavaldur í veðurfari, sem skiptir bændur miklu máli, sérstaklega í heyskap. Heiðin verkar oft sem veðurhemill. Oft snjóar sunnan Skarðsheiðar en ekki norðan og öfugt.

Að þessum forsendum gefnum, höfum við ákveðið að taka Skarðsheiðina fyrir sem sérstakt náttúrufyrirbæri í Skorradal ásamt Skorradalsvatni. Byggðin í dalnum er mest umhverfis vatnið og fjölbreytt lífríki í vatninu og nágrenni þess, sem skapar því nokkra sérstöðu.

Skarðsheiðin

Skarðsheiðin er jarðfræðilega spennandi því hún einkennist af hamrabeltum, fellum og dölum. Jarðefnin í Skarðsheiði er að mestu úr grágrýti, líparíti og basaltlögum. Í norðurhlíð heiðarinnar fyrir ofan Litlu-Drageyri er eldra móberg. Efsti hluti Heiðarinnar er úr hallalitlum basaltlögum með miklum og þverhníptum hamrabeltum. Talið er að basaltlög þessi hafi runnið yfir megineldstöðina í Hafnarfjalli-Skarðsheiði að henni úrkulnaðir, þar sem þessi lög eru fersklegri en bergið undir þeim og í þeim eru skil milli tertíers og árkvarters. Undir hömrnum er þykkt líparítlag frá Skessuhorni og inn að Villingadalsá sem sést þó lítið til nema í efri hluta Mófells. Mófell er gróðurlítið að ofan, brúnbleikt á lit eins og líparítfell eru yfirleitt. Ok er líparíthnúkur fögur og úfinn efst á Mófellinu. Bærinn Mófellstaðir er undir fellinu og dregur nafn sitt af því.⁶

⁵ Pétur Davíðsson 2004

⁶ Freysteinn Sigurðsson 2004:118-119

Vatnadalur er bak við Mófellið og á Kaldá þar upptök sín í Dýjastalli undir heiðarhömrinum en þar liggur vatnsþétt líparítið undir seiglekum basaltlögum. Þar fannst biksteinn sem margir héldu vera kol eða surtarbrand og var stofnað félag um vinnslu hans, en við nánari eftirgrennslan var þetta verðlaust og ónýtanlegt grjót. Ekki hefur verið gerð nein skipulögð leit að nýtanlegu bergi eða auðlindum í Skarðsheiðinni.⁷ Nokkrir snjóskaflar eru í fjallinu sem hafa enn ekki bráðnað til fulls yfir sumartíma, en komst næst því síðast liðið sumar, ef marka má ljósmyndir sem teknar hafa verið af Skessuhorninu og snjósköflunum í kringum það, um mánaðarmótin júlí-ágúst síðan 1970.

Í ferðabók Eggerts og Bjarna segir frá jökli eða jökulfönn á Vatnadal og Hornsdal og er þá jafnvel talið að jökull hafi verið í Okinu í Mófellinu. Munnmæli bera svo um að jökull hafi verið í Heiðinni þó ekki séu til nákvæmar skrifaðar heimildir um það nema þess sem getið er í Ferðabók Eggerts og Bjarna.

Þjóðleið lá um Skarðsheiði um svokallaðan Leirárdal fram á síðustu öld sem stytta leið manna til muna á ferðum þeirra um Borgarfjörð og munaði þá mest um þegar farið var milli Akraness og Borgarfjarðar.⁸ Ekki var þó hættulaust að ferðast þessa leið og var það ekki vegna færðar.

Skessan í Skarðsheiði

Milli Skarðsheiðar og Hafnarfjalls er varp nokkuð þar sem klettaborg nokkur er *Skessusæti* heitir er staðsett. Þar bjó skessa nokkur er sat fyrir ferðamönnum sem áttu þarna leið um. Skessa þessi var ill og mannvíg. Var henni meðal annars svo illa við kristni að hún reyndi að hindra kirkjubyggingu á Hvanneyri. Henti hún að byggingunni steini stórum. Hún dreif ekki nægilega langt, en steininn sem Grásteinn er kallaður, stendur jarðfastur í mýrunum austur frá Hvanneyri, við svo kallaðan Hvanneyrar-afleggjara.

Eitt sinn var það svo að bóndi frá Grund þurfti í verslunarferð á Akranes. Á heimleið ákvað hann að fara yfir Skarðsheiði og um Skessusæti til að stytta sér ferðina. Ekki fór betur en svo að hann komst heim illa til reika og lést þá um nóttina án þess að geta gert grein fyrir óföllum sínum. Lagði þá leiðangur á fjallið til að athuga hvað hafði gerst. Koma leiðangursmenn að mel nokkrum efst á heiðinni og var jarðrót þar mikið, stærðar steinhnullungar úr stað og öll ummerki um mikil átök. Eftir frekari eftirgrennslan fundu þeir svo skessuna þar sem hún lá dauð. Hafði bóndinn á Grund þá lent í átökum við skessu og hlutu þau bæði bana af.¹

⁷ Freysteinn Sigurðsson 2004:118-119

⁸ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:214

¹ Frásagnir og sögur

Skessuhorn sem er 967 m er einstæður hamratindur sem skagar í Norðurátt. Vingjarnlegar persónudeilur eru manna á milli í Skorradal um nafnagjöf Skessuhornsins, því sumir segja það heita Heiðarhorn og hið rétta Skessuhorn sé hæsti tindurinn, 1063 m sem nú kallast Heiðarhorn.

Árið 1910 var gert, svo kallað, Herforingjaráðskort sem kortleggur Borgarfjörð frá Grafardal að sunnan til Flókadals í norðri. Þar er Skessuhornið merkt inn á Skarðsheiðina sem það horn sem skagar lengst til norðurs.

Guðmundur Þorsteinsson (f.1928) í Efri-Hrepp stendur fast á þeirri skoðun að Heiðarhorn sé hin rétta nafnagift og kallar það aldrei annað. Davíð Pétursson (f.1939) á Grund kallar Skessuhornið aldrei annað en það, en deilur hafa staðið þeirra á milli í fjölda ára og gera enn. Enn sem komið er hefur Davíð yfirhöndina með þeirri rökfærslu að enginn ættingja hans hafi kallað hornið í Heiðinni annað en Skessuhorn. Talið er að Grund hafi verið í eigu og byggð sömu ættarinnar frá 1671 og enn hafa ekki komið fram neinar heimildir innan fjölskyldusögunnar að Skessuhorn hafi verið kallað annað en það.

Skriflegar heimildir eru til frá um 1850 þar sem segir að Skessuhornið sé sama hornið og er á Herforingjaráðskortinu og þar með eru rökin fyrir nafnaruglingnum hrakin. Um að Séra. Arnór á Hesti sem var leiðsögumaður kortagerðarmannanna hafi þá gefið rangar heimildir og víxlað á Heiðar horninu og Skessuhorninu.⁹

Guðmundur hefur tekið báðar röksemdir gildar en kallar Heiðarhornið oft í góðum tóni, Skessuhorn.

Skessuhorn er kennimerki í Skarðsheiðinni sem allflestir Borgfirðingar á öllum aldri kannast við. Vikutímaritið á Vesturlandi heitir Skessuhorn og prýðir mynd af Skarðsheiðinni með Skessuhornið í aðalhlutverki kápuhaus vikuritsins.

Skorradalsvatn

Skorradalsvatn er 14,7 m² og rúmlega 16km langt. Það er ekki nema rúmlega kílómeter á breidd þar sem það er breiðast. Skorradalsvatn er með botnmyndun sem er dæmigerð fyrir jökulskorið landslag, sem er einnig algengast meðal íslenskra stöðuvatna. Dýpi vatnsins er mismunandi, en það er 48 m. þar sem það er dýpst, en

⁹ Davíð Pétursson 2004

víðast hefur það mælt um 25 m. djúpt,¹⁰ en fjaran er víðast stutt og svo dýpkar það skyndilega. Lengsta fjaran og mestu grynningar eru frá Hrírás og að vatnsósnum.

Lífríki vatnsins var afar fjölbreytilegt en á nú undir högg að sækja vegna vatnsborðs sveifla vegna Andakílsárvirkjunar, en Skorradalavatni var breytt í miðlunarlón fyrir virkjunina. Nokkuð er um silung í vatninu bæði urriða og bleikju en einnig er mikið af murtu. Urriða seiðum var sleppt í vatnið árið 1975 til að fækka murtunni. Var þetta gert vegna tilmæla Jóns Kristjánssonar, fiskifræðings, en hann var fengin til starfa fyrir veiðifélag Skorradalsvatns sem stofnað var árið 1971, og starfar enn.¹¹ Hefur þetta ráð tekist vel og veiðast nú vænir urriðar. Stærstu bleikjur sem vitað er til að hafi veiðst, hafa veiðst í Skorradalavatni úti fyrir landi Hvamms, Dagverðaness og Litlu-Drageyri. Mest veiðist í net en stangveiði er með slakara móti nema farið sé út á vatnið á báti. Bændur sem eiga land að vatni hafa veitt í net til heimanotkunar en lítið er um að veitt sé til sölu.

Bleikjan hrygnir í grynningum við ströndina í mól og óstöðugleiki á vatnsyfirborði ógnar þessu lífríki til muna, en vatnsborðssveiflan er yfir tveir metrar. Hreppsnefnd Skorradalshrepps hefur látið framkvæma rannsókn á lífríki vatnsins máli sínu til rökstuðnings gegn Orkuveitu Reykjavíkur, en krafan er að halda vatnsyfirborði stöðugu. Áður var það Hitaveita Akraness og Borgarfjarða sem átti og rak Andakílsárvirkjun og því miður virðist ekki vera skilningur nú frekar en áður að hleypa úr vatninu við mikla úrkomu og leysingar.

Urriðinn hrygnir í straumvatni og vegna stíflunnar hefur hann aðeins Fitjaá og Dragá til að hrygna í.¹²

Skorradalavatn er mjög fallegt og setur svip sinn á dalinn sem annars væri ekki sá sami. Vatnið er stundum sem einn ólgusjór í miklum veðrum og svo getur það verið sem spegill á fallegum degi. Orðatiltæki er, að þegar logn og sólarlaust er í dalnum, þá væri svartalogn. Varð það til vegna þess að logn var svo mikið að vatnið varð spegilslétt og endurspeglun Skarðsheiðarinnar var svo dimm að vatnið virtist svart. Það var sem sagt svartalogn þann dag og hafa margir slíkir dagar komið síðan.

Skorradalavatn leggur oft á veturna en sjaldan fyrir jól. Ef frost eru hörð hefur vatnið legið á ís í 3-4 mánuði og ísinn haldist langt fram á vor. Er það þá vel mannhelt og á árum áður voru allir aðdrættir fluttir til bænda á ísilögðu vatninu. Í dag

¹⁰ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:217

¹¹ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:217

¹² Davíð Pétursson 2004

er vinsælt sport að fara eftir ísilögðu vatninu endanna á milli. Annaðhvort á vélknúnu farartæki, gönguskíðum þegar snjór er á því eða skautum. Mikið var dorgað í gegnum ís á árum áður en lítið sem ekkert síðustu árin.

Marvambarrif

Ekkja nokkur sem átti heima á Gunnarssonareyri (nú Gunnarseyri í landi Dagverðarness) átti tvo syni. Eitt sinn er þeir voru við veiðar í gegnum ís, brast hann og þeir féllu þar í gegn og létust. Þegar þetta gerist var mikil veiði í vatninu hvívetna. Brást kona þessi svo við að hún lét slátra einu nauta sinna, tróð vömbina út með mör og kastaði henni svo út í vatnið þar sem hún taldi rif nokkuð vera. Setti hún þau álög að allur silungur sækti að mörvömbinni á vetrum. Þannig varð hvergi annarstaðar fengsælt og erfitt var að hitta á Marvambarrif. Sögur fara þó að því að tveir menn hafi hitt þar á og aflað svo mikið að þeir gátu ekki farið með aflann í einni ferð. Þegar þeir svo vitjuðu hans daginn eftir fundur þeir ekkert og sáu engin ummerki. Álög þessi vara enn þann dag í dag.¹³

Á góðviðrisdögum á sumrin nær vatnið að hitna nægilega mikið við ströndina til þess að hægt sé að sullu og vaða aðeins út í það. Ung þýsk vinnukona brá sér til sunds í Skorradalsvatn á fallegu sumarkvöldi árið 1997 og fór hún nokkuð langt frá landi. Nokkrir ungir hraustir íslenskir karlmenn reyndu að leika þetta eftir en þurftu frá að fara, áður en þeir náðu á dýpi, vegna kulda.¹⁴ Síðan hafa ekki farið sögur af því að nokkur hafi reynt vatnasund í Skorradal eins og gjarnan tíðkaðist áður meðal hraustumna, var þá synt um 700-1000m leið og oftast fylgdu bátur sundmönnum. Ekki er vitað hvort Skorradalsormurinn fæli frá sundmenn eða annað, enda verður ekki reynt að finna ástæðu þess hér og nú.

Sagan af Skorradalsorminum

Það bar svo við að ung stúlka í Hvammi eignaðist gullpening. Hafði hún heyrt að ef hún setti orm á gull myndi það vaxa. Vildi hún freista þess og setti því gullpening sinn í skrín nokkuð og orm þar ofaná. Lét hún skrínið svo til hliðar og lét það vera um sinn. Dag einn stóð skrínið á reiðiskjálfi og hélt stúlkan að nú væri skrínið að springa utan af gullinu. Opnaði hún skrínið með eftirvæntingu, en það eina sem hafði vaxið í skríninu var ormur. Varð henni svo illa brugðið að hún henti skríninu með orminum og gullinu út í Skorradalsvatn. Þar stækkaði og dafnaði ormurinn og er hann stærðar ferlíki sem nær enda á milli í vatninu. Fenginn var kunnáttumaður til að koma orminum fyrir kattarnef. Það tókst ekki en það náðist að festa hann til endanna og kryppuna, sem er undir Dragafelli, getur hann sett upp úr vatninu.

¹³ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:218

¹⁴ Pétur Rúnar Pétursson:1998

Ef ormurinn nær að setja kryppuna það hátt að undir hana má sjá yfir Dragafellið tákna það ragnarök. Menn hafa séð kryppuna bregða fyrir á 19. og 20. öld en lítið hefur farið fyrir honum undanfarið og greinilegt er að hann hefur enn ekki rekið kryppu sína hátt upp úr vatninu.¹

Náttúrufar og dýralíf

Skorradalur þykir í heildina ekki mjög gróðursæll, en nokkuð er um fjölbreytt gróðurfur sem samanstendur af skóglendi, mosapembu, ræktuðu landi og þurrlendisgróðri á við berjalyng. Einnig er nokkuð um mýrar, jaðar, mela og flóa sem bændur hafa reynt að rækta upp og gera tún en eru allflestir þýfðir.

Það sem er einna helst gróið í dalnum eru mýrarsund, móabörð og grasbrekkur. Áberandi eru gróðurlitlir melar, melhólar, melhryggir, mýrar eða flóar.

Birkiskógar hafa verið í dalnum frá byrjun, en einkennandi er fyrir þá hvað þeir eru lágir og kræklóttir. Þeir hafa nú þurft að víkja fyrir barrtrjám sem mynda nú háa og myndalega skóga víða í dalnum. Gróðurfur í skógunum er nokkuð fjölbreytt og má þar finna valllendisgróður, mýrargróður, blómjurtir og ætisveppi, svo eitthvað megi telja. Víða er að finna hrútaberjalyng, bláberjalyng, aðalbláberjalyng og krækiberjalyng, einnig má finna jarðaberjalyng víða í skóglendi.

Í skógunum og jöðrum hans vaxa ýmsar víðitegundir og þar sem birkikjarr hefur ekki náð að vaxa milli mel- og grjótholta eru gras og lyngbrekkur.

Fyrir austan Bakkakot og í Efstabæ var mikill Birkiskógur er var varla hríslu að finna áður en Skógræktin friðaði landið. Var það vegna kolagerðar sem þar var stunduð fyrr á öldum, sem gróðurinn eyddist, og má enn sjá móta fyrir kolagröfum þar. Við friðunina tók birkikjarrið að vaxa og barrplöntur hafa verið gróðursettar, svo nú vex þarna bæði birki- og barrskógur.

Austast í dalnum, fyrir innan Stálpastaði er mjög gróðursælt en áður en þangað er komið er farið um grasigróið undirlendi sem kallast Fitjaengjar sem er í landi Fitja.

Berjaland er allvíða í dalnum en bestu berjalöndin eru á friðuðum svæðum skógræktar. Sama gildir um lúpínuna, hún vex vel á friðuðum svæðum.

Þrátt fyrir að Dragafellið sé að mestu gróðurlaust efst, eru hlíðarnar lyng og grasi grónar. Þar er fyrirtaks berjaland með krækiber, bláber og aðalbláber.

Í ágústlok og byrjun september má hvívetna sjá fólk í berjatínslu sem kemur jafnt úr Borgarfirðinum, Akranesi og Reykjavík og nágrenni. Einnig eru skipulagðar

¹ Frásagnir og sögur

vinsælar hópferðir í Skorradal á haustin, þar sem farið er í sveppatínslu, berjatínslu eða bara skoðaðir haustlitir. Eru það ýmiss félagasamtök sem standa fyrir þessum ferðum jafnt útivistarfélög sem annar félagsskapur.¹⁵

Dýra og fuglalíf er fjölbreytt í dalnum, sér í lagi yfir sumartímann. Ársfuglar eru meðal annars hrafninn, rjúpan, snjótittlingar og núna síðast liðin ár hefur álftapar með unga sína haft vetursetu á Andakílsánni. Músarindill er að sjálfsögðu einn íbúa Skorradals, enda gróðurfar ákjósanlegt, því músarindillinn er einn af einkennisfuglum birkiskóga.¹⁶ Á vorin má sjá allflesta farfugla af vað- og spörfugla ætt. Þeirra á meðal má telja spóa, kjóa, hrossagauk, maríuerlu, skógarþröst og síðast en ekki síst lóu og sandlóu. Myndarleg grágæsa fjölskylda hefur tekið sér sumardvöl á túnnum niður við vatn í landi Grundar, bændum þar til mikils ama því hún er svo ágeng á túnin. Hraustir skotveiðimenn hafa lagt bændum lið að fækka gæsunum en án árangurs því undantekningarlaust, síðast liðin þrjú ár, hafa þær fært sig um set og farið á gæsa verndunarsvæði á Hvanneyri.

Hagamýs hafa gert mörgum tvífættum íbúum dalsins lífið leitt þar sem þær hafa nagað sér leið inn í bifreiðar og milli þilja húsa. Er því einróma álit íbúa Skorradals að hagamýs dafni þar vel. Jafnframt búa refir og minnkar í dalnum og halda minkarnir sig aðallega við vatnið og Andakílsánnu. Refurinn hefur sést á melunum fyrir ofan Hálsa og hefur tignarleg tófa sést þar um miðjan dag á vetrardegi í hvítum ham, mörgum til augnar yndis, annars heldur hann sig frekar til í hlíðum og hálsunum fyrir ofan bæina í kringum vatnið og víðar.

Nýbúar úr dýraríkinu eru kanínur sem líklegast hefur verið sleppt frjálsum í náttúruna. Þær hafa helst sést í Hvamms-skóginum en ekki er vitað hvort kominn sé upp villistofn af kaninum, þ.e. hvort þriðja kynslóð frá þeim fyrstu sé komin upp. Dúfa settist að á Mófellstöðum fyrir fjórum árum og býr þar við gott yfirlæti. Talið er að þetta sér ræktuð bréfadúfa sem villst hefur af leið því hún er sérlega gæf og kemur alltaf aftur í þau fáu skipti sem hún flýgur af bæ.

Ræktunaskilyrði til túnræktar í Skorradal eru best neðst við vatnið og undirlendi þar við, annarstaðar hafa ræktunarskilyrði verið erfið og búskapur lagst af. Hlíðarnar eru brattar og hafa því ekki nýst til ræktunar, en eru góðar til beitar.¹⁷ Stóra-Drageyri er í raun eina eyðibýlið í dalnum sem tún eru enn nýtt, því bændurnir á

¹⁵ Freysteinn Sigurðsson 2004:107-121 og Byggðir Borgarfjarðar II 1989:211-218

¹⁶ Jóhann Óli Hilmarsson 2000:120

¹⁷ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:211-213

Grund hafa slegið túnin síðan jörðin fór í eyði árið 1966. Skógræktar skilyrði eru allvíða góð og í hlíðum undir Skorradalshálsinum eru skógi vaxnar hlíðar, einnig undir Dragafellinu og í löndum Fitja og Efri-Hrepps er ný byrjuð skógrækt sem lofar góðu, hvort heldur í flatlendi eða í hlíðunum.

Beitiland fyrir nautgripi er við bæina í ræktuðu landi, annars er þó nokkuð um mela og móa í landslaginu sem ekki nýtast til beita fyrir nautgripi. Sauðfjárbændur í Skorradal hafa ekki aðgang að afrétt og er allt sauðfé á sumarreit í heimalöndum. Vatnsendi einn bæja hefur rétt til afréttar þar sem bóndinn þar keypti eyðibýlið Gröf í Lundarreykjadal, en Gröf hefur aðgang að afrétt. Landamörk Vatnsenda og Grafar liggja saman á Skorradalshálsinum.

Áður var minnst á það hvernig Skarðsheiðin verkar sem veðurhemill og þó Skorradalur sé ekki stærri en hann er, þá verður oft vart þriggja veðra frá Efri-Hrepp og inn fyrir Hvamm. Dæmi um slíkt er að fyrir fjórum árum var mikil snjókoma og skafrenningur á Hvanneyri sem er í aðeins 4ra km. Fjarlægð frá hreppamörkum að austan. Fólksbílar komust hvorki lönd né strönd um Hvanneyri. Þegar komið var að Efri-Hrepp var þar enginn snjór. Frá Mófellaðarkoti og inn að Hvammi var rigningarsuddi, en þegar komið var inn fyrir landamerki Hvamms og Vatnsenda, var snjókoma, en lygnt. Þannig er oft úrkoma í Hvammi og þar fyrir innan, austur fyrir Fitjar, en þurrt vestar í dalnum og öfugt. Það eru því skörp veðurskil við Hvamm sem gera ræktunarskilyrði þar eflaust öðruvísi en annarstaðar í dalnum. Allavega virðist það svo vera fyrir leikmann, en trjágróður í Hvammi er mun hærri en vestar í dalnum þó svo að álíka plöntur hafi verið gróðursettar á svipuðum tíma. Einnig er hægt að finna loftlagsbreytingar milli Hvamms og við vestur enda Skorradalsvatns. Önnur veðurskil virðast svo vera undir Skarðsheiðinni við Mófell. Oft er það svo að bændur norðan megin við vatnið geti heyjað á meðan bændur undir Heiðinni fá yfir sig rigningu. Síðdegisskúr kemur oft hægt yfir dalinn og getur munað allt að einum til tveimur klukkustundum eða lengur á því hvenær það byrjar að rigna austast og vestast í dalnum.

Borgarfjörður er fyrir margt þekktur og ekki síst fyrir að þar er stærsti hver á Íslandi, Deildartunguhver. Hitaveita Akraness og Borgarfjarða virkja hverinn til húshitunar, en Skorradalur var ekki aðili að þeirri vatnsæð þegar hún var lögð. Olú og rafmagnskynding var því algengust í Skorradal þar til hreppsnefnd beitti sér fyrir því að leita eftir heitu vatni. Það fannst neðst í Dragafellinu í landi Stóru Drageyrar árið 1996. Borholan dælir 7 sek/l sem er nóg fyrir alla bæi og bústaði í dalnum sem nú eru

tengdir. Það aðeins háð vilja landeiganda hvort hitaveitan nær til allra eða ekki. Holan er samt það gjöful að hægt er að dæla úr henni 25 sek/l en ekki er enn komin þörf fyrir það því hitavatnsleiðslur ná inn að Grund að norðan verðu, tómstundahúsahverfi á Stóru-Drageyri að suðaustan verðu og þaðan vestur, niður að Neðri-Hreppi, síðan yfir ána og að Mið- og Syðstu-Fossum.¹⁸

Nýlegar útlitsbreytingar í Skorradal

Skorradalshreppur hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförunum árum. Vísir að þéttbýli myndaðist við byggingu þriggja íbúðarhúsa sem eru í eigu Skorradalshrepps og eru leigð til heilsársábúðar. Þar er eitt hús til viðbótar í byggingu á vegum einkaaðila og sóst hefur verið eftir að byggja á þremur lóðum til viðbótar, sem skipulagðar voru þegar deiliskipulag var gert í kringum þennan byggðarkjarna sem heitir Birkimói. Götuheitið Birkimói dregur nafn sitt af landslaginu sem er birkivaxið mólendi.

Land hefur verið rutt fyrir gerð 9 holu golfvallar í landi Indriðastaða. Golfvöllurinn mun því vera við fjallsrætur Skarðsheiðar. Þar er einnig tómstundahúsabyggð sem fer stækkandi og er mikið um framkvæmdir nýbygginga og stækkunar eldri bygginga á landi Indriðastaða.

Þrír aðrir landeigendur eru einnig með skipulagt landsvæði fyrir tómstundahús. Land Vatnsenda var fullskipað neðan þjóðvegjar, en hefur nú verið óskað eftir að bæta við lóðum ofan vegarinnar. Þar er mikið um nýbyggingar og stækkun eldri húsa.

Ný tómstundahúsabyggð er í landi Hvamms, þar sem Skógrækt ríkisins hafði unnið ötult ræktunar starf undanfarin 52 ár, en landið er nú komið í einkaeigu, Hvammskógur ehf¹⁹. Þar er bæði mikil vegagerð í gangi ásamt nýbyggingum og er mikil breyting á landslagi í þeim hluta.

Í landi Dagverðarness er mikil aukning á byggingu tómstundahúsa.. Sérkenni þar var mikið rými á milli þeirra, en breytingar liggja frammi fyrir deiliskipulagi þar sem leiksvæðum og skógræktarsvæðum er breytt í lóðir.

Elsta tómstundahúsaland í Skorradal er austast í dalnum í landi Fitja. Landslag þar einkennist af skógi vöxnum bröttum hlíðum, aðallega birkiskógi. Þar sem bratti er mikill er ekki hægt að keyra alveg að tómstundarhúsunum. Því var ekki auðvelt að

¹⁸ Pétur Davíðsson og Davíð Pétursson 2004

¹⁹ Davíð Pétursson 2004

flytja efni að landspildunum þegar húsin voru byggð, það er einkennandi fyrir þennan tómstundarhúsa hluta hve lóðir eru litlar og byggð þétt.

Nýtt land tómstundarhúsa er að myndast í landi Hálsa í móum og birkivöxnu landslagi.

Fyrir ári var lokið við fyrsta áfanga vegagerðarinnar í því átaki að setja bundið slitlag á vegi sem hafa tiltekið mikla umferð. Breytti þetta miklu fyrir þá bændur sem eiga lönd að vegstæðinu. Vegurinn breikkaði til muna sem hafið þær afleiðingar að tún og gróið beutiland minnkaði sem því samsvarar. Heildarásýnd sveitarinnar breyttist með tilkomu breiðari vegar ásamt því sem umferðin jókst og varð hraðari.

Þjónusta við íbúa Skorradals

Lengst af hafa allir íbúar í dalnum haft þar atvinnu sína líka þar sem bændastéttin var ríkjandi, svo og starfsfólk Skógræktarinnar í Hvammi, en þeir höfðu allflestir búsetu þar. Skorradalshreppur hefur alltaf haft samvinnu um rekstur skóla og heilsugæslu með nágretta sveitafélögum sínum. Því ganga börnin í skóla á Hvanneyri og í Kleppjárnsreyki. Þau eru í Andakílsskóla frá 1-4 bekk en klára svo grunnskólann á Kleppjárnsreykjum, þau fara því 20-30 km langa leið í skólann, þau sem fara lengst. Því neðar sem barn býr í dalnum, þeim mun styttri er vegalengdin í grunnskólann. Unglingar dreifast svo í framhaldsskóla landsins. Leikskóli er enginn í Skorradal en Skorradalshreppur hefur gert þjónustusamning við Borgarfjarðarsveit um leikskólapláss á Hvanneyri.

Engar verslanir eru í dalnum þrátt fyrir aukna þörf vegna aukinnar tómstundahúsabyggingar. Lítil verslun er rekin á Hvanneyri sem er styst að fara í en annars sækja Skorradælingar verslun í Borgarnes, mest um 35 km. leið en minnst 17 km. Þar er einnig heilsugæsla, íþróttamiðstöð og sundlaug.

Hreppslaug er opin á sumrin á fimmtudags- og föstudagskvöldum og svo á laugardögum og sunnudögum. Íþróttavellir fyrir almenning eru engir í dalnum, en graslendi með fótboltamörkum eru í landi tómstundarhúsa á Fitjum, Vatnsenda og Indriðastöðum. Sparkvöllur í einkaeigu er í landi Dagverðarness við tómstundarhús. Síðast liðið sumar var gerður sparkvöllur á Hvanneyri og þar á jafnframt að gera aðstöðu til frjálsíþrótta iðkunar. Verður það í umsjá Ungmennafélagsins Íslendinga, en það er ungmennafélagið í Skorradal og Andakíl, er það því eini almennings íþróttavöllurinn á svæðinu.

Fagri Skorradalur

Ætli það gæti ekki nokkurrar hlutlægni þegar leggja skal mat á Skorradal þegar meta skal kosti og galla út frá sjónarhóli barna og unglunga. Við það mat er líklegast raunsæjast að nýta sér vitneskju um skoðanir barna á aldrinum fimm til sextán ára og taka þá einnig mið af því hvort foreldrar þeirra séu með búskap eða ekki.

Heyrst hefur að börn sem búa á sveitabæ og umgangast dýr daglega, hvort heldur kýr eða sauðfé, eru mun ánægðari með að búa utan þéttbýlis en þau sem búa ekki með skepnuhald. Bænda börnin hafa hlutverk á bæjunum við umhirðu dýra og fleiru, eftir því sem þau eldast. Á móts við hin börnin sem óska sömu afþreyinga og þéttbýlisbörnin, en hafa ekki sömu aðstöðu vegna fjarlægðar frá jafnöldrum í þéttbýli.

Kosturinn við að búa í dreifbýli er nálægðin við náttúruna. Börnin bjuggu í Birkimóanum og voru ekki með búskap, sóttust mikið í nærliggjandi bæi til að upplifa sveitalífið sem þar er. Tóku þátt í umhirðu skepna og á vorin hafði sauðburður yfirhöndina á próflestri. Sama á við um bænda börnin. Þau sækja í útihúsin á annartímum og er þá dagleg afþreying á við frjálsan leik, sjónvarps- eða myndbandaáhorf, tölvuleiki og annað því um líkt fjarri lagi.

Aðal gallinn við að búa í dreifbýli er fjarlægð frá jafnöldrum og oft lélegar samgönguleiðir. Í Skorradal eru engir afmarkaðir göngustígar meðfram veginum og er það gríðarlegur ókostur. Vegna stórra tómstundarhúsa byggða er umferð mikil alla daga vikunnar en þó mest um helgar þegar börn og unglingar eru ekki í skóla. Umferðin er mikil allan ársins hring og því ekki hægt að binda þennan ókost aðeins við sumartímann.

Ef göngustígar væru meðfram aðalvegnum í dalnum þá bætti það samgöngur til muna fyrir börn og unglunga. Það væri þá á þeirra færi að fara frekar sjálf á milli bæja og eiga í samskiptum sín á milli, utan skólatíma.

Aðalkostur þess að búa í dreifbýli á við Skorradal, er staðsetningin. Það er stutt í alla þjónustu og stærri byggðarfélög. Aðeins um klukkutíma akstur til Reykjavíkur, sem býður upp á aukinn fjölbreytileika í menningaruppeldi. Að ógleymdu návíginu við náttúruna í allri sinni mynd.

Umhverfisskoðun

Unnin verða verkefni tengd því umhverfi sem við höfum skoðað.

Barnahópurinn verður á aldrinum 4-6 ára. Verkefnavinnan verður skipulögð út frá námsþáttum *Aðalnámskrá leikskóla*, sem eru: málrækt, tónlist, myndsköpun, hreyfing, náttúra og umhverfi, menning og samfélag.²⁰

Aðaláhersla verður lögð á náttúru og umhverfi, menningu og samfélag vegna fjölbreyttrar náttúru í Skorradal og þeirra sagna sem þar gerast.

Lífsafkoma okkar er háð náttúrunni og náttúruöflunum því er þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar okkur lífsnauðsynleg.²¹ Skoðuð veður náttúran í öllum sínum fjölbreytileika, fjöllin, skóginn, vatnið og lífríkið.

Börn hafa yndi af sögum og fjöllum við því um ævintýri Skorradals jafnframt því sem við skoðum skemmtileg örnefni og ástæðu þeirra. Er það liður í daglegri málörvun.

Fjöllin

Við munum skoða Skarðsheiðina sérstaklega með tilliti til landslags hennar og litbrigða. Veltum fyrir okkur hæðamuni milli Skarðsheiðar og annarra fella og hálsa í dalnum.

Kennileiti verða skoðuð sérstaklega og leitum eftir útskýringu barnanna fyrir heitum á þeim. Í kjölfar þess segjum við þeim sögur að baki örnefna séu þær til. Þar á meðal um Dragafellið og skessuna í Skarðsheiði.

Hugmyndir að nálgun fjallanna

- Farið í sleðaferð upp í Skarðsheiðina og umhverfið þar skoðað í leiðinni.
- Unnið verkefni út frá sleðaferðinni, sameiginleg frásögn samin og teiknaðar myndir sem límdar verða á eitt stórt veggspjald.
- Farið í gönguferð á Hvanneyri og Grásteinn, steinninn sem skessan kastaði til byggða skoðaður.
- Farið í gönguferð í Skorradal og reynum að gera okkur grein fyrir vegalengdinni sem skessan kastaði Grásteini. Tínum okkur nokkur grjót í leiðinni sem við komum til með að nota til að búa til okkar eigin skessu/tröll.

²⁰ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:19

²¹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:26

- Lesnar ýmsar bækur um tröll meðal annars *Dynkur* eftir Brian Pilkington og *Ástarsaga úr fjöllum* eftir Guðrínu Helgadóttir. Einnig verða sagðar þjóðsögur um fjöll og tröll, má þar helst nefna sögurnar af *Gilitrutt* og *Búkollu*
- Barnahópnum verður skipt upp í minni hópa sem semur sína eigin tröllasögu.
- Búa til leikþátt um tröll sem þau sýna á foreldraskemmtun. Þau semja jafnframt sjálf tónlist með verkinu.

Dýralíf

Fjölbreytileiki dýralífsins skoðaður og gefum við villtum dýrum jafnt sem húsdýrum góðan gaum. Ekki er líklegt að við rekumst á mink eða ref og leggjum við því aðal áherslu á fuglalífið.

Hugmyndir að nálgun dýranna

- Farið í gönguferðir og athugað hvaða dýr við sjáum. Leggjum við hlustir hvort við heyrum í einhverjum dýrum og reynum að greina það.
- Dýrabækur skoðaðar, meðal annars *Húsdýrin okkar* eftir Stefán Aðalsteinsson og Kristján Inga Einarsson, *Fuglarnir okkar* eftir Stefán Aðalsteinsson og Grétar Eiríksson og *Villtu spendýrin okkar* eftir Stefán Aðalsteinsson.
- Þegar við höfum komist að því hvaða dýr eru í dalnum þá tökum við eitt dýr fyrir í einu og vinnum með það.
- Förum á náttúrugripasafnið í Borgarnesi og skoðum uppstoppuð dýr til að nálgast þau betur.
- Finnum og syngjum ýmis dýralög.

Skógarnir í Skorradal

Farið verður í sérstaka ferð til að skoða skóg í Skorradal og þær trjátegundir sem þar vaxa. Reynum við að nálgast það viðfangsefni með því að skoða ólíka skóga, því förum við í Hvammskóg því hann er svo hár. Andstæður skógur er birkiskógur og fáum við að fara í skóginn fyrir ofan Grund, en hann er þéttur, kræklóttur og lár. Í framhaldi af því skoðum við gróðurinn sem þar vex. Hvernig hann komst þangað og hvort hann sé nýtilegur.

Einnig skoðum við notagildi skóganna fyrr og nú.

Hugmyndir að nálgun skógarins

- Farið í skógarferð og hann skoðaður svo sem ólíkar trjátegundir og annar gróður.
- Unnið útfrá skógarferðinni með notkun handbóka á borð við *Íslenska Plöntuhandbókin* eftir Hörð Kristinsson og aðrar fáanlegar bækur um það efni. Skoðum, greinum og vinnum úr efnivið sem tíndur verður í ferðinni.
- Lesið í skóginn. Skoðum aldur ýmissa trjáa með aðstoð skógarvarðar. Reynum að sjá fólk í trjánunum og annað þess háttar.
- Farið í berjatíslu í ágúst. Börnin aðstoða við sultugerð. Hvert barn málar sýna krukku og fær að fara með sultukrukku með sér heim.
- Farið í sveppatíslu og ýmsar gerðir af sveppum skoðaðar. Ætisveppirnir verða svo notaðir til matargerðar í leikskólanum
- Sungin lög tengd skóginum.
- Skoðaðar og lesnar eru bækur og ævintýri sem gerast í skógi, bæði hérlandis og erlendis.

Skorradalsvatn

Farin verður sérstök skoðunarferð að Skorradalsvatni og reynum að sjá það frá sem flestum sjónarhornum. Skoðum fjöruna og berum hana saman við aðrar fjörur sem við þekkjum.

Hugmyndir að nálgun vatnsins

- Farið í gönguferð að vatninu og það skoðað, hvernig er það í laginu, er það stórt eru einhver dýr í því og hvernig dýr.
- Reynum að veiða silung í vatninu.
- Unnið úr efnivið sem fenginn var í gönguferðunum
- Segja börnunum söguna af Skorradalsorminum og búa þau búa til myndverk tengt því
- Segja börnunum söguna af Marvambarrifi
- Fara í gönguferð yfir vatnið þegar það hefur lagt yfir veturinn.

Örnefni í Skorradal

Örnefni eru mörg í Skorradal og hefur Marvambarrif í Skorradalsvatni þegar verið nefnt. Þegar keyrt er inn í Skorradal frá Hvalfirði er farið yfir Geldingadraga og kemur skýring á þeirri nafnagift úr Harðarsögu Hólmverja, sem er á þessa leið:

Hörður Grímkelsson ásamt Hólmverjum kom úr Hvalfirði þar sem vistir þeirra voru búnar. Fóru þeir að Indriðastöðum þar sem Indriði mágur Harðar bjó. Stal þar á átta tug sauða og hóf rekstur aftur heim á leið. Þegar þeir lögðu upp á Dragafellið fór að fenna svo mikið að illa gekk reka féð. Endaði það svo að Hörður greip forystusauðina í sína höndina hvora og dró þá yfir og ruddi þannig brautina, en er þetta allþekkt aðferð til að fá sauðfé til að fara þangað sem maður vill. Þannig fékk Draginn nafn sitt, en sauðir voru þá gjarnan kallaðir geldingar.¹

Birkimói er fyrsta gatan í Skorradal, þar sem vísir er að þéttbýli með þremur full byggðum húsum, einu í byggingu og þrjár lóðir skipulagðar að auki. Nafnið að götunni kom vegna þess að hún er í móa með þéttu birkikjarri, en tanginn þar sem hverfið er heitir Torfalækjarmói og þótti það of langt nafn þegar fundið var nafn á hverfið.²²

Hálsar draga nafn sitt af því að eiga landamörk að og yfir melhálsinn sem skilur að Skorradal og Andakíl (Borgarfjarðarsveit).

Bærinn Vatnsendi var eini bærinn við enda vatnsins og var því nefndur eftir því. Grund var stofnuð út úr Vatnsenda þegar Brynjólfur Skálholtsbiskup Sveinsson keypti landið um miðja 17.öld fyrir Margréti konu sína, en það átti þá að vera ellisetur fyrir hana eftir hans dag. Í fyrstu var landið kallað Nýjagrund eða Vatnsendagrund.²³

Hesthálsinn dregur nafn sitt af bænum Hestur sem er býli í eigu Ríkisins og er þar rekið tilraunafjárbú í samvinnu við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. En yfir háls þennan liggur vegur milli Skorradals og Lundarreykjadals og var þetta aðal samgönguæðin yfir í Borgarfjörð áður en Borgarfjarðarbrúin var lögð.

Indriðastaðir draga nafn sitt af fyrst ábúanda sínum, Indriða, sem greint er frá í Harðarsögu Hólmverja. Mófellstaðir og Mófellstaðakot draga báðir nafn sitt af Mófellinu, en Mófellstaðakot var eitt sinn hjáleiga Mófellstaða.²⁴

¹ Frásagnir og sögur

²² Pétur Davíðsson 2004

²³ Freysteinn Sigurðsson 2004:110-111

²⁴ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:215

Hornsá og Hornsdalur eru í landi Horns sem dregur nafn sitt af hvoru tveggja.
Mun fleiri örnefni eru í Skorradal en þeim verður ekki gefið rými hér.

Húsamyndir úr Skorradal



Bakkakot (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Bakkakot

Bærinn í Bakkakoti stendur upp undir norðurhlíð Botnsheiðar. Hlíðin er há, brött, grýtt og gróðurlítill, með mólum, holtum og valllendisbrekkum á stöku stað. Á fyrri hluta 19. aldar var vöxtulegur skógur í Bakkakoti en hann eyddist allur á þeirri öld, en nú er búið að koma upp skógi þar aftur. Ekki hefur verið búið í Bakkakoti síðan 1964. Bakkakotsrétt er fyrir austan túnið en hún er skilarétt Fram – Skorrdæla. Landamerki Bakkakots liggja að austan að Fitjum, sunnan að Þyrli, vestan að Vatnshorni og norðan að Fitjá og Fitjalandi.²⁵

Byggingarár: 1931

Stærð: 173 m³

Byggingarefni: Steypa

Viðbygging: Engin

Gerð glugga: Einfalt gler í viðarramma

Þak: Risþak

Inngangur: Spjaldahurð eða panelhurð

Garður: Enginn garður aðeins nokkur barr og birkitré við húsið.

Bílastæði: Ekkert

²⁵Byggðir Borgarfjarðar II 1989:222



Mynd 2 Birkimói 1 – 8 (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Birkimói 1-5

Byggingarár: 2001

Stærð: 124 m²

Byggingarefni: Finnisk timbureiningahús

Viðbygging: Engin

Gerð glugga: Tvöfalt gluggakerfi, ysta rúða er einföld í stálramma og opnast alveg inn. Innri rúða er tvöföld, gasfyllt í viðarramma, opnast alveg inn. Allir gluggar í húsinu eru með heila rúðu, opnanlegir og opnast inn.

Þak: Hátt ris, þakefni er stallað stál

Inngangur: Spjaldahurð með gleri.

Garður: Lítill sem enginn, smá grasbala er að finna við hvert hús ásamt litlum sólpalli svo er það villtur birkiskógurinn sem tekur við. Lóðirnar eru ekki afgirtar

Bílastæði: Hellulagt að hluta annars olíubundin möl

Áfastur bílskúr með risi

Birkimói 8 er í byggingu. Ekkert þak er en útbúin var íbúð í kjallara og á eftir að byggja einingarhús á grunninn. “þakið” er því í raun gólfplatan í húsinu, og því flatt. Spjaldahurð í útidyrnum. Franskir gluggar, tvöfalt gler í viðarramma.



Mynd 3 Dagverðarnes (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Dagverðarnes

Bærinn í Dagverðarnesi stendur hátt í Skorradalshálshlíðinni á hárri, brattri og breiðri buntu. Þessi bunga myndar nes fram í vatnið sem er skógivaxið, hlíðarnar eru einnig skógivaxnar. Hálsinn er aflíðandi og er hér gott berjaland. Upp á hálsinum eru mýrar og móar með holtum á milli en klettabrúnir eru engar. Áður fyrr var jörðin kölluð Digranes eða Dögurðarnes en það hefur ekki heyrst lengi. Dagverðarnes var að fornu mati talin 16 hundruð. Landamerki Dagverðarness liggja vestan að Hvammi, norðan að Kistufelli og Skarði, austan að Stálpastöðum og sunnan að Skorradalsvatninu.²⁶

Byggingarár: 1970

Stærð: 568 m³

Byggingarefni: steyp

Viðbygging: Engin

Gerð glugga: Tvöfalt gler í viðarramma, heilar rúður

Þak: Risþak

Inngangur: Rammahurð með rúðu

Garður: Viðja næst húsinu og fjölær blóm í blómabeði, annars nær ræktað tún heim að húsinu

Bílastæði: Hlaðið er malarlagt

²⁶ Bygðir Borgarfjarðar II 1989:223



Mynd 4 Efri Hreppur (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Efri – Hreppur

Bæjarstæði Efri – Hrepps er neðan undir ásnum sem lokar Skorradal að neðan. Undirlendi undir ásnum er frekar lítið en eru þó mýrar og engjar. Ofar ásnum er landið nokkuð jafnlent melar, móar, vallendi og mýrarteygingar. Fornt mat jarðarinnar var 24 hundruð en þá átti hún engjaítak undan Innri – Skeljabrekku. Á jörðinni eru laugar og hefur Ungmannafélagið Íslendingur gert þar sundlaug og búningaðstöðu. Skilarétt bæjanna sunnan Andakílsár og Skorradalsvatns Hreppsrétt stendur einnig á jörðinni. Landamerki Efri – Hrepps afmarkast af Hrafnagili eða Neðri – Hrepp að vestan, Andakílsá og Fossalandi að norðan og Álfsteinsá, Hornslandi og Kirkjutungum að austan.²⁷

Byggingarár: 1948

Stærð: 443 m³

Byggingarefni: Steypt og álklætt.

Viðbygging: verið að byggja nýjan bílskúr

Gerð glugga: Tvöfalt gler í viðarramma, margpósta

Þak: T-þak með háu risi, þakefnið er stallað stál

Inngangur: Rammahurð með gleri

Garður: Grasbali umlukinn trjágróðri, bæði lauftrjám og barrtrjám

Bílastæði: Hlaðið er malarlagt

²⁷ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:224



Mynd 5 Fitjar (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Fitjar

Fitjar eru í framanverðum Skorradal og þótti hún ein mesta jörðin 30 hundruð að fornum mati. Fitjahlíðin er skógivaxin og hefur þar risið mikið sumarbústaðahverfi. Ofan bæinn er hlíðin skóglaus og skiptast þar á melholt og vallendisgróður en hálsinn er víðast gróinn. Laug er í Fitjahlíðinni. Fitjakirkja sem er bændakirkja er á jörðinni. Landamerki Fitja liggja að Bakkakoti, Efstabæ, Litlabotni og Þyrli. Ekki hefur verið föst búseta síðan 1981.²⁸

Byggingarár: 1939

Stærð: 170 m²

Byggingarefni: Steypt og klætt með álklæðningu.

Viðbygging: Hátt ris byggt ofan á húsið um 1990

Gerð glugga: Tvöfalt gler í viðarramma

Þak: Upprunalega flatt þak, en byggt ofaná og nú hátt ris

Inngangur: Rammahurð með gleri

Garður: Grasbali sem er umlukinn skjólbelti og nokkuð er um fjölær blóm.

Bílastæði: Hlaðið er malarlagt

²⁸ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:226



Mynd 6 Fitjakirkja (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Fitjakirkja

Núverandi kirkja var vígð 1898. Hún var löguð og klædd að utan og gert við það sem þurfti um 1990. Það er enginn turn á henni aðeins krossmark á vesturgafli 5 x 3,5 að stærð. Messað er í kirkjunni einu sinni á sumri við góða aðsókn. Kirkjan er bændakirkja og er nú ein fárra slíkra á landinu. Eignir hennar eru ekki miklar nú miðað við það sem áður var. Áður átti hún jarðir og ýmsa kirkjugripi, en nú á hún engar jarðir, heldur tvær gamlar klukkur og góðan búnað á altarið sem er úr messing. Kaleikur kirkjunnar Fitjakaleikur er varðveittur á Þjóðminjasafninu. Hann er mjög fallegur og besti gripur sinnar gerðar á Íslandi²⁹

Byggingarár: 1896-1897

Byggingarefni: Timbur, grunnur hlaðinn

Gerð glugga: Franskir gluggar með einföldu gleri í viðarramma

Þak: Hátt risþak

Inngangur: Gegnheil panelhurð

Garður: Kirkjugarður með nokkrum trjám í jaðri lóðarinnar

Bílastæði: Hlaðið er malarlagt

²⁹ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:219



Mynd 7 Grund (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Grund

Bærinn að Grund stendur neðan hlíðarinnar í brekkurótum. Grundarhálsinn er lítið gróinn að ofan en skógarkjarr er í hlíðinni ofan bæinn. Með ánni eru vallendis- og malareyrar, ofar það er votlendi og móar en síðan ganga kjarri vaxnir ásar upp í hálsinn með mýrasundum og melaflákum. Land Grundar liggur að sunnan að Skorradalsvatni og Indriðastöðum, að vestan að Hálssum, og norðan að Mávahlíð og austan er Vatnsendi. Sama ættin hefur átt og búið að Grund síðan 1671 og gerir enn. Á jörðinni er kúa – og sauðfjárbúskapur en ábúendur stunda einnig vinnu utan heimilis.³⁰

Byggingarár: 1954

Stærð: 903 m³

Byggingarefni: Steypa, einangrað og áklætt 1980

Gerð glugga: Krosspóstar og tvöfalt gler í gluggum

Þak: Hátt ris með þakvængjum

Inngangur: Gegnheil hurð með vírgleri.

Garður: Mikill grasagarður sem umlukinn er viðju. Í garðinum er fjöldi trjáa, meðal annars birki, reyniviður, fura og greni, skraut- og berjarunnar og aspir. Blómagróður fer minnkandi en þar var nokkuð um fjölær blóm.

Bílastæði: Hlaðið er með olíubundinni mól

³⁰ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:227



Mynd 8 Grund II (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Grund II

Byggingarár: 2002

Stærð: 120 m²

Byggingarefni: Finnskt timbureiningarhús

Viðbygging: Engin

Gerð glugga: Tvöfalt gluggakerfi, ysta rúða er einföld í stálramma og opnast alveg inn. Innri rúða er tvöföld, gasfyllt í viðarramma, opnast alveg inn. Allir gluggar í húsinu eru með heila rúðu, opnanlegir og opnast inn.

Þak: Ris, þakefni stallað stál

Inngangur: Spjaldahurð með gleri.

Garður: Grasbali með smá mön, lítill trjálundur, barrtré, ösp og hlynur

Bílastæði: Malarlagt



Mynd 10 Hagi (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Hagi

Áður hét Hagi Svangi, en Þórður Runólfsson sem flutti þangað 1922 lét breyta nafninu. Bærinn stendur neðarlega í hálsbreyku að sunnanverðu við Skorradalavatn. Undirlendi jarðarinnar er lítið og mikið brattlendi fyrir framan bæinn. Nokkur skógur er í landinu vestanverðu en upp og út frá bænum er hlíðin að mestu vaxin móa- og valllendisgróðri. Að fornu mati var jörðin talin 10 hundruð en henni var þó skipt í Eystri – og Ytri – Svanga. Ýmsar kirkjur áttu upprekstur og ítök til skógarhöggs í landi Svanga en Leirvogskirkja átti jörðina. Jörðin fór í eyði ??????. Þórður Runólfsson var elsti bóndinn í Borgarfirði er hann hætti að búa þá ??? gamall. Sunnan við land Haga er Grafardalur, austan er Vatnshorn og Stóra – Drageyri er að vestan. Skorradalavatnið er að norðan við Haga³¹

Byggingarár: 1927

Stærð: 132 m³

Byggingarefni: Timbur

Viðbygging: Engin

Gerð glugga: Krosspósta gluggar, einfalt gler

Þak: Hátt ris og skúrþak

Inngangur: Samannegld panelhurð

Garður: Enginn

Bílastæði: Ekkert

³¹ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:228



Mynd 9 Háafell (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Háafell

Bærinn á Háafelli stendur á mjóum hjalla neðarlega í suðurhlíð Skorradalsháls. Háafell var áður eign Skálholtsstóls og var talin 12 hundruð að mati. Hlíðin er há og víða skógivaxin, en rjóður með móa- og vallendisgróðri eru inn á milli. Undirlendi er mjög lítið og rjóður í skóginum voru brotin til túnræktar á meðan á búskap stóð. Guðmundur Þorvaldsson sem var eitt sinn bóndi hér notaði laug sem er í landinu til lækninga. Hluti úr landi Efstabæjar var nytjaður með Háafelli síðustu árin sem það var í byggð en það fór í eyði 1968. Háafell á land að móti Stálpastöðum að vestan, Hóli að norðan, Fitjum að austan og Skorradalsvatni að sunnan.³²

Byggingarár: 1930

Stærð: 181 m³

Byggingarefni: Timburhús með áklæðningu.

Viðbygging: Engin

Gerð glugga: Krossplötupóstar, líklega einfalt gler.

Þak: Háris og skúrþak

Inngangur: Plötuhurð með gleri

Garður: Enginn

Bílastæði: Ekkert

³² Bygðir Borgarfjarðar II 1989:229



Mynd 11 Hálsar (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Hálsar

Bærinn að Hálsu stendur suðaustan undir melabungum og ásum sem aðskilja Andakíl og Skorradal svokölluðum Fossamelum. Hálsar er neðsti bær Skorradals að norðanverðu. Jörðin var fyrrum eign biskupsstólsins í Skálholti og að fornu mati talin 16 hundruð. Jörðin hefur verið í ábúð sömu fjölskyldunnar frá 1901 og eign hennar frá 1891. Ásarnir í landi Hálsa eru víða blásnir að ofan en annars vaxnir móa- og vallendisgróðri og mýrarsund á milli, en er nær dregur Andakílsánni verður samfelldara votlendi sem er framræst og rækta sem tún. Land Hálsa liggur að vestan að landi Fossabæjanna, að norðan að landi Hests og austan að Grund. Að sunnanverðu rennur áin Andakílsá. Á jörðinni er stundaður sauðfjárbúskapur en ábúendur stunda einnig vinnu utan heimilis.³³

Byggingarár: 1982

Stærð: 587 m³

Byggingarefni: Steypt, bárujárnsklætt.

Viðbygging: Engin

Gerð glugga: Tvöfalt gler í viðarramma, heilar rúður

Þak: Hátt ris, með kvisti

Inngangur: Báðar útidyrhurðir, þvottahús og aðalinngangur með gegnheilum viðarhurðum

Garður: Grasflöt umlukinn lágum runnum og viðar girðingu

Bílastæði: Hlaðið er malarlagt

³³ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:230



Mynd 12 Horn (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Horn

Land Horns er talið heldur ófrjótt neðan til einkum mólendi en eyrar með ám. Ofan til skiptast á hryggir og holt, valllendisbrekkur og mýrarsund. Jörðin á slægjuítök í Hornsengi sunnan við Andakílsá. Horn liggur til móts við Kirkjutungur að vestan frá Skarðsheiðarbrúnum niður að Álfseinsá og móti Efri – Hrepp að Andakílsá. Austan við Hornsána liggja lönd Mófellsstaða og Mófellsstaðakots.³⁴

Byggingarár: 1985/ breytt í íbúð árið 2002

Stærð: 122 m²

Byggingarefni: Steipt, byggt fyrst sem fjárhús, en breytt í íbúð og hesthús árið 2002

Viðbygging: Hlaða með súgþurkkun

Gerð glugga: Tvöfalt gler með margpósta viðarramma

Þak: Risþak

Inngangur: Plötuhurð með gleri

Garður: Enginn

Bílastæði: Hlaðið malarlagt

³⁴ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:231



Mynd 13 Hvammur (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Hvammur

Jörðin Hvammur er sunnan í Skorradalshálsi sem hér er víðast mjög brattur með klettum í brúnum. Við hlíðarræturnar er alllöng aflíðandi brekka en lítið annað undirlendi er. Hefðbundnum búskap lauk 1957 en Skógrækt ríkisins er með skógræktarbúskap og skógarvörður hefur verið með búsetu þar síðan 1959. Áður fyrr var jörðin metin á 16 hundruð ein einnig fylgdi engjaítak í landi Innri – Skeljabrekku sem var talið 4 hundruð. Landamerki Hvamms liggja að Skorradalsvatni að sunnan, Vatnsenda að vestan, Krosslandi að norðan og Dagverðarnesi að austan.³⁵

Byggingarár: 1979

Stærð: 524 m³

Byggingarefni: Timbur og steypur kjallari

Viðbygging: Engin

Gerð glugga: Tvöfalt gler í viðarramma, heilar rúður

Þak: Risþak

Inngangur: Spjaldahurð með gleri.

Bílskúr: Steypur undir húsinu

Garður: Fyrir neðan húsið er hann mjög gróðursæll og stór með miklum grasbala í hallandi landslagi og fjölbreyttum trjágróðri, m.a. skrautrunnum, öspum, barrtrjám, berjarunnum og fleira. Fyrir ofan húsið er lítill grasbali sem endar í háreistum skógi sem samanstendur aðallega af barrtrjám og öspum.

Bílastæði: Malarlagt á tveimur hæðum, við bílskúr sem er undir húsinu og svo í hæð við aðal innganginn.

³⁵ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:232



Mynd 14 Hvammur starfsmannahús (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Hvammur starfsmannahús

Stendur fyrir neðan þjóðveginn í landi Hvamms

Byggingarár: byggt í áföngum 1966-1977

Stærð: 983 m³

Byggingarefni: Steypa

Viðbygging: Byggt í áföngum

Gerð glugga: Tvöfalt gler í viðarramma

Þak: Skúrpak

Inngangur: Spjaldahurðir og önnur með gleri

Garður: Grasbali umlukinn trjágróðri, m.a. víði, öspum og öðrum skraut- og berjarunnum.

Bílastæði: Hlaðið er malarlagt



Mynd 15 Indriðastaðir (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Indriðastaðir

Að fornu mati voru Indriðastaðir væn jörð 40 hundruð að mati. Að sunnanverður við Skorradalsvatnið upp til Skarðsheiðar er skógarkjarr með mýrar og móateygingum á milli, þar hafa risið mikil sumarbústaðahverfi. Indriðastaðir eiga land milli Skarðsheiðar og Skorradalsvatns og Andakílsár, Litla – Drageyri er að austan en Mófellsstaðir að vestan.³⁶

Byggingarár: 1987

Stærð: 463 m³

Byggingarefni: Steypa

Viðbygging: Engin

Gerð glugga: Tvöfalt gler í viðarramma, heilar rúður

Þak: Risþak

Inngangur: Spjaldahurð

Garður: Grasbali vestan við húsið

Bílastæði: Hlaðið er malarlagt

Bílskúr ekki áfastur með viðarhurð

³⁶ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:233



Mynd 16 Litla – Drageyri (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Litla – Drageyri

Bærinn að litlu Drageyri stendur á grundum nokkurn veginn miðja vega milli vatns og fjalls. Jörðin er allmjög skógivaxin en holt og mólendi er í norðausturhorni landsins og mýrlendi er austur frá túnum. Að fornum mati var jörðin talin 8 hundruð. Landamerkin liggja að vestan að Indriðastöðum en að austan að Stóru – Drageyri. Ekki hefur verið búskapur síðan 1977 en eigendur eiga þar sumarbústað og verið er að endurgera gömlu húsin.³⁷

Byggingarár: 1931

Stærð: 347m³

Byggingarefni: Steypa

Viðbygging:

Gerð glugga: Tvöfalt gler í krosspósta viðarrömmum.

Þak: Burstapak

Inngangur: Panelhurð

Garður: Enginn

Bílastæði: Hlaðið er malarlagt

³⁷ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:234



Mynd 17 Mófellsstaðakot (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Mófellsstaðakot

Mófellsstaðakotsbærinn stendur sunnan þjóðveggar við austurmörk landsins við brekkurætur. Áður var jörðin hjáleiga frá Mófellsstöðum og kölluð Mófellsstaðakot ytra eða Kolbeinsstaðir og var 5 hundruð að mati. Mófellsstaðakotslandið líkist stígvéli að lögun. Í brekkunni ofan bæinn skiptast á mýrar, móar, valllendi, melar og holt en neðan veginn er Mófellsstaðaflóinn sem jörðin á hlut í. Mófellsstaðakot á land að Mófellsstöðum, Horni og Fossum. Á jörðinni er stundaður sauðfjárbúskapur og einnig stunda ábúendur vinnu utan heimilis.³⁸

Byggingarár: 1950

Stærð: 214 m³

Byggingarefni: Steypa

Viðbygging: Timburhús með áklæðningu, 1996

Gerð glugga: Tvöfalt gler í viðarramma, heilar rúður

Þak: Valmaþak og lágt ris.

Inngangur: Spjaldahurð með gleri

Garður: 60 m² sólpallur, gras og runnagróður í jaðri lóðarinnar sem er umkringd lágreistri viðargirðingu.

Bílastæði: Hlaðið er malarlagt.

³⁸ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:235



Mynd 18 Mófellsstaðir (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Mófellsstaðir

Bærinn að Mófellsstöðum stendur nokkru neðan brekkuróta skammt vestan Kaldár. Að fornum mati töldust Mófellsstaðir vera 20 hundruð. Mófellið sem nafn bæjarins dregur nafn sitt af er lítt gróið að ofan en hlíðarnar að vestan, norðan og austan eru allgrónar. Dalir eru báðu megin fellsins þar sem Hornsá rennur að vestan en Kaldá að austan. Undirlendið er að mestu grasivaxinn flói Mófellsstaðaflói og með Kaldánni og Andakílsánni eru eyrar. Landamerki Mófellsstaða liggja að Mófellsstaðakoti, Indriðastöðum, Horni, Fossum og Hálsum. Á jörðinni er kúa – og sauðfjárbúskapur.³⁹

Byggingarár: 1982

Stærð: 941 m³

Byggingarefni: Steypa og timbur

Viðbygging: Engin

Gerð glugga: Tvöfalt gler í viðarramma

Þak: Risþak

Inngangur: Spjaldahurðir í aðalinngangi og þvottahúsinngangi.

Garður: Enginn við nýbygginguna, aðeins við gamla húsið og er hann afgirtur með lágri girðingu. Þar er trjágróður og grasbali.

Bílastæði: Hlaðið er malarlagt

³⁹ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:236



Mynd 19 Neðri – Hreppur (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Neðri – Hreppur

Bæjarstæðið í Neðri-Hrepp er skammt neðan gil Hrafnagil sem er landamerki við Efri – Hrepp. En báðir þessir bæir standa neðan ása sem loka Skorradalnum. Undirlendi jarðarinnar er fremur flatt, eyrar með Andakílsánni, en ofar er að mestu mýrlendi og stöku melabungur. Hlíðin er aflíðandi, að mestu gróin móa- og valllendisgróðri með bungum og holtum. Áður átti Neðri – Hreppur engjaitök í landi Innri – Skeljabrekku en það gekk til Efri – Hrepps fyrir allmörgum árum. Neðra – Hreppslandið nær upp í Miðfitjaskarð, að vestan eru landamerki við Árdal, austan við Innri- og Ytri – Skeljabrekku, handan árinna eru löng Ausu, Vatnshamra og Mið- og Syðstu- Fossa.⁴⁰

Byggingarár: 1974

Stærð: 480 m³

Byggingarefni: Steypt

Viðbygging: Engin

Gerð glugga: Gluggar með heilu tvöföldu gleri í viðarramma

Þak: Risþak

Inngangur: Spjaldahurðir í útidyrum

Garður: Grasbali í kringum húsið, enginn annar gróður.

Bílastæði: Hlaðið er malarlagt.

⁴⁰ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:237



Mynd 20 Hlaðan að Stálpastöðum (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Stálpastaðir

Land Stálpastaða er í suðurhlíð Skorradalsháls, og ekki gott til búskapar því undirlendi er ekki teljandi og erfitt um slægjur og útgræðslu túns. Taldist því jörðin aðeins 8 hundruð að fornu mati. Skógur hefur verið mikill og 1707 var skógur sem var nýttur til kolgjörðar og eldiviðar nógur og enn er tekinn þaðan raftviður til húsabóta. Ræktun barrskógar hófst 1952 og hafa undanfarin ár verið seld jólatré úr Stálpastaðalandi. Land Stálpastaða liggur að vestan að Dagverðarnesi, norðan að Skarði og Snartarstöðum, austan að Háafelli og að sunnan að Skorradalsvatni. Engin ábúð hefur verið síðan 1946, íbúðarhúsið stóð á dálitlum hjalla neðarlega í hlíðinni vestarlega í landinu. Aðeins er steypst hlaða uppistandandi af húsunum en hún var nýtt sem svefnskáli fyrir skógræktarmenn hér áður.⁴¹

Stærð: 84 m³

Byggingarefni: Timbur og steypa

Gerð glugga: Engir gluggar

Þak: Hátt ris

⁴¹ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:239



Mynd 21 Stóra – Drageyri (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Stóra – Drageyri

Bærinn að Stóru – Drageyri stendur undir brekkur austarlega á eyri sem myndaðist úr árframburði Dragárinnar en hún rennur í Skorradalsvatnið spölkorn frá bænum. Að fornu mati var jörðin talin 12 hundruð og hún er eign Hvanneyrarkirkju, en er nú í umsjá Skóræktar ríkisins. Undirlendi er lítið en mýrardrög eru á stöku stað en annars valllendisbalar og móar og holt á milli. Stóra – Drageyri á land að Litlu – Drageyri, Haga og á móti Draghálsi í suðri. Ekki hefur verið búið á jörðinni síðan 1966 en hluti af túnnum hefur verið sleginn og hestamannafélagið Fákur í Reykjavík hefur haft afnot af hluta jarðarinnar til áningahólfs og beitar.⁴²

Byggingarár: 1924

Stærð: 114 m³

Byggingarefni: Steypt

Viðbygging: Engin

Gerð glugga: Einfalt gler í krosspósta viðarrömmum. Engin gler undanfarin ár, fá ekki að vera í friði.

Þak: T-laga risþak

Inngangur: Panelhurð, samannegld. (spýtuhurð negld saman með Z laga burðarhluta)

Garður: Enginn

Bílastæði: Lítil malarbútur framan við húsið, annars á túnunum í kring.

⁴² Byggðir Borgarfjarðar II 1989:240



Mynd 22 Vatnsendi (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Vatnsendi

Vatnsendabærinn stendur vestarlega í landinu neðan þjóðveg á hjalla í brekku. Fornt mat á jörðinni var 40 hundruð en svo eftir að Grund var byggð út úr henni var hún 26 2/3 hundruð. Undirlendi er mjög lítið, tún standa í brekku móti suðri. Hlíðin er brött og verður enn brattari eftir því sem austar dregur og er hún þar frekar gróðurlítill. Kjarrgróður er víða og vallendis- og móagróður í rjóðrum. Á jörðinni er sumarbústaðahverfi. Landamerki Vatnsenda liggja að Skorradalavatni og Grund að vestan, Hvammi að austan og að norðan að Gröf og Krossi. Á jörðinni er stundaður sauðfjárbúskapur.⁴³

Byggingarár: 1943/1967

Stærð: 321 m³

Byggingarefni: Steypt

Viðbygging: Sólskáli

Gerð glugga: Krosspóstar í gluggum, tvöfalt gler í viðarramma

Þak: T-hús með háu risi

Inngangur: Plötuhróðir

Garður: Netgirðing umlykur grasblett og er runnagróður í jaðri garðsins.

Bílastæði: Hlaðið er malarlagt.

⁴³ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:241



Mynd 23 Vatnshorn (Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, 2004)

Vatnshorn

Bærinn Vatnshorn stendur við suðausturhorn Skorradalsvatns. Fitjá rennur í bugðum undan túni en bærinn stendur undir grýtttri brattri hlíð. Í Vatnshornshlíðinni er skógur sem þótti einna fríðastur skógur í Skorradal hér áður fyrr og áttu margar jarðir eða kirkjur ítök í honum, þar á meðal Fitjar, Lundur í Lundarreykjadal, Hvammur í Kjós og Viðeyjarklaustur. Undirlendi er takmarkað holt austur frá bænum, grundir og eyrar með vatninu og ánni. Áður fyrr var Vatnshorn 24 hundruð að mati en síðan 20 hundruð. Talað eru um Vatnshorn í Laxdælu því þar bjó Helgi Harðbeinsson, kappi mikill, sem var að vígi Bolla Þorleikssonar. Vatnshorn á land að Haga að vestan, Skorradalsvatni og Fitjá (Fitjum) að norðan, Bakkakoti að austan og Grafardal og afrétt Akurnesinga að sunnan. Hefur ekki verið í ábúð síðan 1961 en hefur verið nýtt sem sumarhús.⁴⁴

Byggingarár: 1937

Stærð: 357 m³

Byggingarefni: Steypt

Viðbygging: Engin

Gerð glugga: Krosspósta gluggar, einfalt gler

Þak: Hátt ris


Inngangur: Panelhurð, samannegld. (spýtuhurð negld saman með Z laga burðarhluta)

Garður: Enginn

Bílastæði: Ekkert

⁴⁴ Byggðir Borgarfjarðar II 1989:242

Skorradalur



Jarðir í Skorradal, merktar inn á landakort

Jarðir	Sól hverfur yfir vetur
1. Hálsar	6-10 vikur
2. Grund	6-10 vikur
3. Vatnsendi	3-6 vikur
4. Hvammur	6-10 vikur
5. Dagverðarnes	hverfur ekki
6. Stálpastaðir	6-10 vikur
7. Háafell	6-10 vikur
8. Fitjar	6-10 vikur
9. Bakkakot	10-14 vikur
10. Vatnshorn	10-14 vikur
11. Hagi	10-14 vikur
12. Stóra Drageyri	14-17 vikur
13. Litla Drageyri	10-14 vikur
14. Indriðastaðir	6-10 vikur
15. Mófellsstaðir	14-17 vikur
16. Mófellstaðakot	6-10 vikur
17. Horn	14-17 vikur
18. Efri-Hreppur	hverfur ekki
19. Neðri-Hreppur	hverfur ekki
20. Birkimói	6-10 vikur

Lokaorð

Við vinnslu verkefnisins reyndist það erfiðast að takmarka viðfangsefnið. Skorradalur er mikill dalur sem hægt er að fjalla mikið um. Okkur fannst þó takast ágætlega til að afmarka efnið með því að einbeita okkur að lífi og byggð í kringum Skorradalavatn.

Þegar teknar voru myndir af bæjunum var það gatnagerð sem takmarkaði myndefnið. Aðeins voru tekin fyrir hús sem stóðu við aðalveginn og auðvelt var að komast að þeim, annars tókum við myndir yfir vatnið. Bæirnir Sarpur og Efstibær eru bæir innst í dalnum til austurs og voru ekki teknir með þar sem vegurinn þangað er aðeins vegaslóði sem ekki er haldið við og því aðeins fært stærri bílum og jeppum. Sama gildir um bæina suður undir hálsinum, þar er aðeins vegslóði sem er fær yfir hásumarið en ekki er hægt að ganga að því vísu að hann sé allstaðar ofan vatns vegna vatnsborðssveifla í Skorradalavatni. Upplýsingar fyrir hvert hús voru mis aðgengilegar, flestar upplýsingar eru úr *Byggðum Borgarfjarðar II* og *Fasteignaskrá Fasteignamats ríkisins*. Stærðir eldri húsanna eru skráðar í rúmmetrum hjá fasteignamatinu, en það var venja áður að nota slíka mælieiningu fyrir mannvirkin.

Þegar unnið var landakortið af Skorradal fannst okkur málin flækjast heldur. Það er ekki það auðveldasta í kortagerð að setja inn hæðalínur, gera gróðri skil og svo framvegis. Við ákváðum því að finna einfalt grunnkort til að vinna eftir. Notuðum við til þess kort af dalnum í *Byggðum Borgarfjarðar II*, einnig notuðum við kort af dalnum úr *Árbók F.Í 2004*, ásamt því sem við studdumst við hin ýmsu kort úr skýrslu Guðrúnar Jónsdóttur, *Svæðisskipulag sveitafélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017*. Þar nýttum við okkur myndakort af gróðurfari en okkar kort er ekki nærri eins nákvæmt og var nýtt þekking einnar okkar sem býr í dalnum. Í sömu skýrslu fengum við upplýsingar um hve lengi sólin hverfur frá hverjum bæ, á veturna. Það þótti okkur mjög merkilegt, því við höfðum ekki leitt hugann að því áður. Fjarvera sólar yfir vetrarmánuðina hlýtur að hafa áhrif á sálarlíf íbúa jafnt sem ræktunarskilyrði jarðanna.

Í heildina fannst okkur mjög gaman að vinna þetta verkefni og varð það kannski heldur umfangsmeira en til stóð í byrjun. Við teljum okkur þó ekki hafa of unnið verkefnið og er margt fleira sem við hefðum getað gert skil en við reyndum að halda okkur við aðal atriðin.

Það sem við vissum ekki áður um Skorradal vitum við núna og það sem við vissum kunnum við betur.

Heimildarlisti

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið

Davíð Pétursson munnleg heimild október og nóvember 2004

Fasteignamat Ríkisins. Fasteignaskrá 2003. <http://fmr.is> (tekið af netinu 15. október 2004)

Freysteinn Sigurðsson. 2004. *Árbók F.Í. 2004-Borgarfjarðarhérað*. Reykjavík, Ferðafélag Íslands.

Guðrún Jónsdóttir. 1998. *Svæðisskipulag sveitafélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017*. Reykjavík, Samvinnunefnd um svæðisskipulag norðan Skarðsheiðar og Skipulagsstofnun.

Jakob Jónsson, Jón G. Guðbjörnsson, Þorsteinn Guðmundsson í ritnefnd. 1989. *Byggðir Borgarfjarðar II*. Umsjón með útgáfu, Bjarni Guðráðsson og Björk Ingimundardóttir. Reykjavík, Prentsmiðjan Oddi.

Pétur Davíðsson munnleg heimild október og nóvember 2004

Pétur Rúnar Pétursson munnleg heimild júlí 1997

Þorleifur Einarsson. 1999. *Myndun og mótun lands. Jarðfræði*. Reykjavík, Mál og Menning.

Þórir Haraldsson. *Átthagafræði. Dýrin*. (Lífríki Íslands 1). [Án útgst.], 1995.-Fjölrítuð útgáfa.

Frásagnir og sögur

Allar frásagnir og sögur sem getið er sérstaklega eru unnar úr heimildum í Árbók F.Í., Byggðum Borgarfjarðar II og frásögnum Davíðs Péturssonar. Sérstaklega var leitað til hans til nákvæmari frásagna. Harðar saga Hólmverja er helsta heimild allra heimildaraðila í skýringum á hinum ýmsu örnafnagjöfum.

Myndaskrá

Mynd á forsíðu er í eigu Skorradalshrepps, tekin 1996. Ljósmyndari er Mats Wibe Lund.